

Í dag var gengið frá samningum Ólympíusamhjalparinnar við sérsambönd ÍSí og íþróttamanna þeirra vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í London 2012. Um er að ræða styrki vegna sjö íþróttamanna frá sex sérsamböndum. Þeir eru: Ásdís Hjálmsdóttir –

Frjálsíþróttasamband Íslands

Ásgeir Sigurgeirsson – Skotíþróttasamband Íslands

Helga Margrét Þorsteinsdóttir –
Frjálsíþróttasamband Íslands

Jakob Jóhann Sveinsson –
Sundsamband Íslands

Ragna Ingólfssdóttir –
Badminton samband Íslands

Þorbjörg Ágústssdóttir –
Skylmingasamband Íslands

Þormóður Árni Jónsson –
Júdósamband Íslands

Heildarverðmæti samninga nemur um 23 m.kr. (miðað við gengi dagsins í dag) og skiptist í tvo þætti.

a) Mánaðarlegan styrk fyrir hvern styrkþega að upphæð 1.000 USD vegna kostnaðar við æfingar og keppnir viðkomandi

íþróttamanns.

b) 5.000 USD styrk
vegna keppnisferða
hvers íþróttamanns.

Íþróttta- og
Ólympíusamband
Íslands kallaði eftir
tillögum frá
sér samböndum ÍSÍ
og bárust tillögur

vegna 15
íþróttamanna. Allir
þessir íþróttamenn
hafa það á stefnu
sinni að ná
lágmarkum vegna
Ólympíuleikanna í
London 2012 og
hafa hafið stífan og
kostnaðarfrekan

undirbúning vegna
þessa.

Að þessu sinni
náðist að tryggja
styrki vegna sjö
íþróttamanna, en
fimm íþróttamenn
voru á
sambærilegum

styrk vegna
leikanna í Peking
2008. Styrktímabil
hófst þann 1.
september s.l. og
stendur fram að
leikum, náí
styrkþegi að tryggja
sér þátttökurétt.

Heildarkostnaðará
ætlun styrkþega
fram að leikum er
margföld þeirri
upphæð sem
styrkir
Ólympíusamhjálp
rinnar og ÍSÍ
nema, en lauslega

áætlað má reikna
með að árlegur
kostnaður á
íþróttamann sé allt
að 7 m.kr. eða um
50 m.kr. árlega
vegna þessara
íþróttamanna.
Í samanburði við

þær tölur má
nefna að framlag
ríkisins til
Afrekssjóðs ÍSÍ
fyrir árið 2010
nam 25,5 m.kr. og
er þeim
fjármunum

ráðstafað til 18
sér sambanda eða
28 einstaklinga og
15 verkefna/liða.
Árleg ráðstöfnun
sjóðsins nemur í
heildina um 50
m.kr. Það er því

ljóst að framlög til
afreksíþróttar
standa engan
vegin undir þeim
kostnaði sem
fylgir því að eiga
íþróttafólk í
fremstu röð á

heimsmælikvarða

▪

Íslenskt afreksíþróttafólk eru mikilvægar fyrirmyndir fyrir íslenska æsku og þjóðfélagið í

heild sinni.
Þegar vel gengur
styðja
Íslendingar vel
við sína fremstu
íþróttamenn en
þegar á móti
blæs er stutt í

gagnrýnisraddir.
Á erlendri grundu
er íslenskt
íþróttafólk
sendiherrar
lands síns og eru
með í að kynna
landið fyrir

öðrum þjóðum.
Til framtíðar er
mikilvægt að
hlúa enn betur
að þessu fólki
með því að gefa
því tækifæri á að
taka þátt í

verðugum
verkefnum og
styðja við bakið á
því með fræðslu
og faglegri
þekkingu sem og
auknu fjármagni.
Ólafur Rafnsson

forseti ÍSÍ, Líney
Rut

Halldórsdóttir
framkvæmdastjó
ri ÍSÍ, Friðrik
Einarsson
formaður
afrekssviðs ÍSÍ ,

Örn Andrésson
formaður
Afrekssjóð ÍSÍ og
Andri Stefánsson
sviðsstjóri
Afrekssviðs ÍSÍ
kynntu úthlutun
ÍSÍ að

viðstöddum
forsvarsmönnum
viðkomandi
sér sambanda
ÍSí.